

Fundur hjá stjórn nemendafélags Árskóla, mars 2014.

Mætt voru: Elín og Pálmi úr 10. bekk, Hrafnhildur og Jón Grétar úr 9. bekk, Áróra og Jóhann Daði úr 8. bekk og Anna Sóley úr 7. bekk. Kristbjörg, deildarstjóri, stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Málefni sem tekin voru til umfjöllunar:

Skólapeysur. Stjórn nemendafélagsins leggur til að nemendum verði boðið upp á að kaupa peysur með merki skólans á baki. Stjórnarmeðlimir hallast að því að best sé að bjóða, annars vegar, renndar peysur með hettu og hins vegar svokallaða háskólaboli. Kristbjörg hefur haft samband við fyrirtækið Margt smátt sem mun afgreiða peysurnar. Verð liggur fyrir. Næsta haust verður gerð könnun á því hvort nemendur á unglíngastigi vilji frekar hafa þessar peysur svartar eða gráar, en þessir tveir litir urðu fyrir valinu hjá stjórninni. Fulltrúar árganganna munu kynna áform um skólapeysur í sínum árgöngum (myndir af skjávarpa) og foreldrum verður kynnt málið með bréfi úr Mentor.

Sjálfsmatsvinna. Kristbjörg kynnir stjórn áform fagmennskuteymis skólans um að fá 8., 9. og 10. bekkina til að vinna að gæðamati. Kristbjörg fer yfir þær hugmyndir sem liggja fyrir og ber þær undir stjórnarmeðlimi, sem eru ánægðir með frekari aðkomu nemenda að gæðamati innan skólans. Þessi vinna mun að öllum líkindum fara fram í apríl og verða 3 kennslustundir nýttar til hennar einhvern daginn.

Kynning 10. bekkina á fjáröflunar- og félagsstarfi í 10. bekk. Ákveðið að framvegis munu fulltrúar úr 10. bekk kynna starf árgangsins fyrir 9. bekkjum að vori. Gert með Publisher kynningu í heimastofu 9. bekkina. Formenn 10. bekkjar, formaður fjáröflunarráðs og ritstjóri skólablaðsins sjá um kynninguna að þessu sinni.

Önnur mál:

Jón Jónsson, hagfræðingur, mun verða með fyrirlestur um fjármál fyrir nemendur á unglíngastigi þann 31. mars nk. Fyrirlesturinn verður í íþróttahúsi og nemendum hinna grunnskólanna í Skagafirði verður boðin þátttaka.

Hrafnhildur og Jón Grétar vilja koma því á framfæri að þeim finnst einmitt að samverustundir með nemendum hinna grunnskólanna í Skagafirði mættu vera fleiri. Gera mætti dagskrá Vinadagsins lengri, t.d. þannig að nemendur borðuðu saman o.þ.h. Einnig ræddu fulltrúar 9. bekkina

nauðsyn þess að fara fyrr á Akureyri þegar Skólahreystikeppnin væri og gera meira úr þeim degi.